



## 10. fundur stjórnar Aftureldingar 2. desember 2010

### Fundur settur kl. 17:15

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Guðjón Helgason, Helga Jóhannesdóttir, Jón Pálsson, Sævar Kristinsson. Ásmundur Pálsson boðaði forföll. Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

1. Upplýsingavefurinn.
2. Jafnréttisáætlun.
3. Niðurstöður formannafunda og eftirfylgni.
4. Samningur við Eldingu og Mosfellsbæ.
5. Samningar við Mosfellsbæ
6. Samstarf við FMos um íþróttakademíu.
7. Rekstur stuðningsfélaga og upplýsingaskylda/verklagsreglur.
8. Búningamál.
9. Reglugerð um merki og búninga félagsins.
10. Siðareglur.
11. Önnur mál

#### 1) **Upplýsingavefurinn.**

Anna Sigríður sagði frá stöðu mála varðandi upplýsingavefinn. Svör bárust frá 5 deildum. Næstu skref eru að taka þau saman og greina nánar. Áætlað er að eftir 15. desember verði tilbúið fyrsta uppkast að veftré og skipulagi forsíðu.

#### 2) **Jafnréttisáætlun.**

Anna Sigríður sagði frá stöðu mála varðandi vinnu við jafnréttisstefnu UMFA. Kynnt voru drög að stefnu ásamt tillögum að verkefnum í aðgerðaáætlun ársins 2010. Stjórnin var samþykkt þeim verkefnum sem nefndin leggur til í aðgerðaáætlun. Umræða varð um framhald verkefnisins og utnaumhald. Núverandi nefndarmenn sem tóku að sér að vinna stefnuna eru tilbúnir að starfa áfram og halda utan um verkefnið. Til að jafnréttisstefnan virki vel og það markmið náist að samþætta hana öllu starfi þarf að formfesta ábyrgð jafnréttisnefndar/starfshóps. Rætt að leggja fram reglugerð um starfs jafnréttisnefndar félagsins á næsta aðalfundi.

Í framhaldi af umræðum um aðgerðaáætlun voru ræddir mögulegir samstarfsfletir við skólastofnanir bæjarfélagsins. Ákveðið var að óska eftir því að stjórn UMFA fái að mæta á fund fræðslunefndar til að kynna starf og stefnu félagsins og ræða mögulega samstarfsfleti. Formaður mun senda erindi til fræðslunefndar þar að lútandi.

#### 3) **Niðurstöður formannafunda og eftirfylgni.**

Frestað.

- 4) **Samningur við Eldingu og Mosfellsbæ.**  
Framkvæmdastjóri og formaður hafa fundað með eiganda Eldingar og á fundinum voru kynnt samningsdrög. Þessi samningur er hluti af þríhliða samningi þessara aðila og Mosfellsbæjar. Farið var yfir samningsdrögin og framkvæmdastjóra falið að halda áfram samningaviðræðum í samræmi við umræður á fundinum.
- 5) **Samningar við Mosfellsbæ.**  
Formaður upplýsir að hann hafi átt samtöl við bæjarstjóra og afhent ályktun formannafundar frá 24. nóvember 2010 um rekstur íþróttamiðstöðvarinnar. Samningaviðræður halda áfram.
- 6) **Samstarf við FMos um íþróttakademíu.**  
Frestað
- 7) **Rekstur stuðningsfélaga og upplýsingaskylda/verklagsreglur.**  
Rætt að einhvern ramma ætti að setja utan um starfsemi þeirra stuðningsfélaga Aftureldingar sem koma fram í nafni félagsins og nýta merki þess. Áréttar stjórnin að siðareglur félagsins gilda fyrir stuðningsmannafélög þegar þau standa fyrir eða taka þátt í atburðum tengdum félaginu. Ákveðið að Helga geri drög að verklagsreglum sem lagðar verða fyrir stjórnina.
- 8) **Búningamál.**  
Rætt um búningamál og villandi og misvísandi auglýsingar og umfjöllun í Mosfellingi um búningamál félagsins. Brýnt er að forsvarsmenn deilda haldi á lofti réttum upplýsingum um búningamál félagsins og löglegan félagsbúning félagsins sem er frá Errea.
- 9) **Reglugerð um merki og búninga félagsins.**  
Rætt að setja þurfi reglugerð um merki og búninga félagsins sem lögð verði fyrir aðalfund.
- 10) **Siðareglur.**  
Frestað
- 11) **Önnur mál.**  
Rætt að aðalstjórn mæti á stjórnarfund hveftrar deildar fyrir sig eftir áramót og ræði innri mál deildanna.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn 14. desember.

Fundi slitið kl. 19:50.

**Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari stjórnar**